

---

# NÝ FLÆÐIGRYFJA Á HAFNARSVÆÐI VIÐ GRUNDARTANGA Í HVALFJARÐARSVEIT

## Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 27. desember 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Elkem Íslandi og Norðuráli Grundartanga um áform um nýja flæðigryfju á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.02 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Ný flæðigryfja á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Fyrirspurn um matsskyldu. Elkem Íslandi, Norðurál Grundartanga og Mannvit, janúar 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 4. mars 2020.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 14. janúar 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 9. janúar 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. febrúar 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. **19. febrúar 2020**.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að austan við flæðigryfjurnar sem séu í notkun núna, sé 4.700 m<sup>2</sup> svæði í landfyllingunni sem einnig geti nýst sem flæðigryfja. Faxaflóahafnir hafi boðið Elkem og Norðuráli að nýta svæðið, sem rúmi á bilinu 30.000 til 40.000 m<sup>3</sup>. Á milli flæðigryfja sem nú séu í notkun og þessa tiltekna svæðis sé mjó landræma (um 30 m þar sem hún er mjóust) þar sem flutningabílar fari með framleiðsluúrgang. Fyrirkomulagi við losun í flæðigryfjur verði ekki breytt.

Fram kemur að ef af fyrirhugaðri stækkun verði, muni svæðinu verða skipt jafnt á milli Elkem og Norðuráls. Í svæðið verði losaður sams konar framleiðsluúrgangur og í núverandi gryfjur að undanskildu kerfóðrunarefni í samræmi við heimild í starfsleyfum fyrirtækjanna. Gera megi ráð fyrir að endingartími flæðigryfjanna á vestursvæði hafnarinnar lengist um tvö ár með tilkomu nýja svæðisins eða um það bil út árið 2023.

#### Forsaga

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdir við höfnina á Grundartanga hafi átt sér stað samfara auknu umfangi stóriðju á svæðinu en förgun framleiðsluúrgangs iðjuveranna á Grundartanga sé nátengd þessari uppbyggingu. Þannig hafi fyrsta hafnaraðstaðan orðið til þegar núverandi



kísilmálverksmiðja var reist á árunum 1977-1980. Stækkun hafnar með tilheyrandi landfyllingum hafi nýst fyrir flæðigryfjur stóriðjuveranna. Í matsskýrslu álvers Norðuráls hafi verið fjallað um að eftir árið 2010 væri áformuð gerð flæðigryfja til suðvesturs, beint undan lóð Elkem, sem liður í stækkun hafnarinnar og að þær myndu endast til ársins 2025. Framangreindar flæðigryfjur hafi fyllst hraðar en áætlað var. Kom það til af hraðari stækkun hafnarinnar en gert var ráð fyrir og meiri þörf fyrir svæði undir vörur til uppskipunar og útflutnings. Í gryfjunar fór því efni úr lóðum á iðnaðarsvæðinu sem og efni vegna stækkunar Elkem á árunum 2007-2008.

Árið 2012 var ljóst að taka þyrfti í notkun nýjar flæðigryfjur þar sem svæðið sem fyrirhugað var fyrir losun framleiðsluúrgangs iðjuveranna á Grundartanga til ársins 2025 var þá þegar að verða fullnýtt. Svæðið sem þá var tilkynnt til Skipulagsstofnunar fyrir nýjar flæðigryfjur var hluti nýrrar landfyllingar vegna frekari stækkunar Grundartangahafnar. Árið 2016 var óskað eftir stækkun á svæðinu sem sótt var um árið 2012, bæði vegna þess að magn í gryfjunar var meira en áætlanir gerðu ráð fyrir auk þess sem rúmmál gryfjanna var minna en áætlað var. Ráðgert var að þessi stækkun dygði í 2-3 ár. Ári síðar var enn á ný óskað eftir lítills háttar stækkun á sama svæði. Ástæðan var sú að umrætt svæði hafði verið tekið frá fyrir fyrirtækið GMR endurvinnslan ehf. á Grundartanga, sem endurvann stál, en fyrirtækið hætti starfsemi snemma árs 2017.

#### **Losun Elkem í flæðigryfjur**

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt starfsleyfi sé Elkem heimilt að farga eftirfarandi aukaafurðum í flæðigryfjur með útskolun efna í sjó, enda sé styrkur mengunarefna ekki umfram viðmiðanir í reglugerðum:

- Kögglað kísilryk.
- Vætt forskiljuryk.
- Magnesíum oxíð ryk.
- Set úr setþróm.
- Föst efni frá síustöðvum.
- Gjall og málmleif, þar með talið gjall frá málmhreinsun.
- Uppsóp og fínefni af hráefnum og framleiðslu.
- Fóðringar og eldföst efni.

#### **Losun Norðuráls í flæðigryfjur**

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt starfsleyfi hafi Norðurál heimild til að koma sérstökum föstum úrgangi fyrir í flæðigryfjum. Efnið sem um ræði og heimilt er að setja í flæðigryfjur geti verið eftirfarandi:

- Kerbrot.
- MálmSORI sem er óendurnýtanlegur.
- Kolaryk og súralsryk frá hreinsun skautleifa.
- Byggingarefni.
- Uppsóp af fínefnum frá hráefnum.
- Óseljanlegt gjall og málmleifar.
- Ónýtar múrfóðringar frá ofnum.

## **4 UMHVERFISÁHRIF**

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugaðar flæðigryfjur séu innan hafnarsvæðisins á Grundartanga á röskuðu svæði og hafi því hvorki áhrif á menningarmínjar né náttúru svæðisins.

Fram kemur að við greiningu á helstu umhverfisþáttum hafi verið horft til reynslu af rekstri núverandi flæðigryfja á svæðinu. Vitað sé að sigvatn frá gryfjunum geti verið mengað efnum sem



skaðleg geti verið vatnalífríki. Helstu umhverfisþættir sem séu til skoðunar eru því sjór við flæðigryfjur (grunnsævi) og dýralíf (kræklingavöktun).

### **Áhrif á gæði sjávar**

Í greinargerð kemur fram að við núverandi flæðigryfjur séu mæld efni eins og sýaníð, ásamt Cu, Zn, Cr, Ni, Pb, V, As, Al, járni (Fe), fosfór (P) og flúor.

Til að vakta möguleg áhrif flæðigryfja séu 10 mælistaðir utan við flæðigryfjurnar í 1 metra og 4 metra fjarlægð frá ytri mörkum grjóttgarðs. Niðurstöður vöktunar árið 20189 voru þær að mengunar gæti í óverulegum mæli utan flæðigryfjugarðanna. Reyndust mæliniðurstöður ársins 2018 að meðaltali svipaðar eða ívið lægri en mælst hafi á undanförunum árum. Ekkert sýni mældist yfir þeim styrk sem talinn sé geta haft áhrif á viðkvæmt lífríki. Núverandi vöktun hafi ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á grunnsævi af völdum losunar í flæðigryfjur og sé ekki ástæða að ætla að það breytist með nýrri flæðigryfju við hlið núverandi gryfja. Ekki sé því talin þörf á að breyta þeirri vöktunaráætlun sem nú er unnið eftir.

### **Botndýr**

Í greinargerð kemur fram að mælingar á kræklingi séu gerðar á fimm ára fresti (áður þriggja ára fresti), síðast árið 2016, þar sem mælt sé magn PAH-18 sambanda og snefilefna/þungmálma (Cu, Zn, Cr, Ni, Hg, Pb, V, Cd, As, Al, Fe, Se, F) í mjúkvæf. PAH sé mælt í sjávarseti sem safnað sé neðan við hverja kræklingalögn á stöðvum og á viðmiðunarstað. Niðurstöður umhverfisvöktunar ársins 2016 hafi leitt í ljós að dánartíðni kræklinga á öllum vöktunarstöðum var lág og virtist kræklingurinn þrífast ágætlega. Þá mældist styrkur ólífrænna snefilefna í kræklingi á öllum vöktunarstöðum svipaður eða lægri en í kræklingi frá ómenguðum stöðum umhverfis Ísland og alltaf lægri en norsk viðmiðunarmörk fyrir menguð svæði. Styrkur kadmíns, kvikasílfurs og blýs í kræklingi var í öllum tilvikum undir skilgreindum hámarksstyrk í matvælum. Styrkur PAH efna í kræklingi hafi verið óverulegur og ávallt undir norskum viðmiðunarmörkum fyrir menguð svæði.

Af framansögðu megi sjá að áhrif iðjuveranna tveggja á lífríki sjávar hafi ekki verið merkjanleg árið 2016. Það sé í samræmi við fyrri vöktun, sem hafi ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á dýralíf af völdum losunar í flæðigryfjur. Ekki sé talin ástæða til að ætla að það breytist með útvíkkun núverandi flæðigryfja og því ekki talin þörf á að breyta þeirri vöktunaráætlun sem nú sé unnið eftir.

### **Niðurstæða vöktunar**

Í greinargerð kemur fram að við fyllingu kerbrota í gryfjurnar sé skeljasandur settur á milli laga. Sjór falli svo um gryfjurnar vegna sjávarfalla og með aðstoð skeljasandsins hvarfist uppleyst efni í sjónum við málma og sýaníð úr kerbrotunum.

Fram kemur að vöktun undanfarinna ára hafi leitt í ljós að framangreind meðhöndlun hlutleysi óæskileg efni í kerbrotunum og geri þau óskaðleg. Þegar losun í núverandi gryfjur ljúki muni styrkur mengandi efna í sigvatni minnka smám saman og verða að engu þegar hlutleysing hafi að fullu átt sér stað. Með útvíkkun flæðigryfjanna muni útskolun einnig eiga sér stað þar. Ekki sé um að ræða aukningu á menguðum efnum sem geti borist með sigvatni heldur sé um tilfærslu frá núverandi gryfjum að ræða.

Þá kemur fram að með nýrri flæðigryfju við hlið núverandi gryfja sé ekki verið að ráðast í neina breytingu á fyrirkomulagi losunar eða þeirri starfsemi sem felist í rekstri gryfjanna. Svipað magn frá rekstri iðjuveranna verði losað í gryfjurnar árlega og gert hafi verið undanfarin ár. Einungis sé um að ræða heldur stærra svæði undir flæðigryfjur. Sama fyrirkomulag verði á losun í gryfjurnar og þær verði áfram afmarkaðar frá annarri losun.



## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdasvæðið er innan hafnarsvæðis í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. En breyta þarf deiliskipulagi svæðisins áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða útvíkkun á flæðigryfjum á hafnarsvæðinu við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.02 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhuguð starfsemi er fremur lítil að umfangi og felst í því að halda áfram að farga tilgreindum úrgangi með sama hætti og verið hefur. Árleg losun mun ekki aukast en verða sambærileg við það sem verið hefur. Reikna má með sambærilegri útskolun mengunarefna og verið hefur á undangengnum árum frá flæðigryfjum á sama svæði. Skipulagsstofnun telur að þættir sem falla undir eðli framkvæmdar kalli ekki á að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum og álagspoli náttúrunnar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhugað er að urða úrgang í flæðigryfjum á sama svæði og verið hefur á undanförunum árum. Ekki er um að ræða verndarsvæði eða svæði sem telja má viðkvæmt. Þegar urðun er lokið verður unnt að nýta svæðið undir starfsemi hafnarinnar. Skipulagsstofnun telur að þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdar kalli ekki á að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við flæðigryfju við Grundartanga felast í útskolun mengunarefna til sjávar. Ekki eru líkur til að styrkur mengunarefna verði umfram það sem verið hefur vegna sambærilegrar starfsemi til þessa. Þegar frá líður mun draga úr útskolun efnanna og verði urðun í flæðigryfjur lokið þá mun losun frá gömlum úrgangi í gryfjunum verða hverfandi. Skipulagsstofnun telur að þættir sem falla undir eiginleika framkvæmdar kalli ekki á að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin.

### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. maí 2020.



Reykjavík, 15. apríl 2020.

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson